

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu

Ársskýrsla 2012

Faghópur um rafræna opinbera þjónustu var stofnaður 28. janúar 2009. Félagsmenn eru 76 talsins. Markmið faghópsins eru:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rafræna opinbera þjónustu.
- Að auka samvinnu opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, í því skyni að stuðla að samræmdu heildarskipulagi í rafrænni þjónustu.
- Að stuðla að aukinni fræðslu um rafræna þjónustu, möguleika, hagræðingu og framþróun í takt við nýja tíma.

Í stjórn eru:

- Halla Björg Baldursdóttir, formaður (Þjóðskrá Íslands)
- Eggert Ólafsson, meðstjórnandi (Reykjavíkurborg)
- Guðfinna B. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi (Garðabær)
- Sigrún Eva Ármannsdóttir, meðstjórnandi (Advania)
- Fjóla Jónsdóttir, meðstjórnandi (TM Software)
- Örn S. Kaldalóns, meðstjórnandi (ICEPRO)

Á Facebook-síðu faghópsins eru 64 meðlimir. Stefnt er að því að sameina hana við síðu Ský.

Störf faghópsins á árinu

Aðalfundur var haldinn 11. apríl 2012. Á honum var gerð lagabreyting sem fólst í því að stjórn faghópsins væri kjörin á aðalfundi Ský. Einnig var felld úr gildi ákvæði um að faghópurinn héldi aðalfund.

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu.

Skipulagður var einn hádegisfundur á árinu:

Undirbúningur og skipulagning hádegisfundar 23. maí: „Rafrænar íbúakosningar“. Rafrænar íbúakosningar fóru fram í Reykjavík dagana 29. mars til 3. apríl 2012. Á fundinum var fjallað um aðdraganda og útfærslu kosninganna og þann lærdóm sem draga má af framkvæmd slíkra kosninga. Á fundinn mættu um 25 manns.

Á stjórnarfundum síðari hluta ársins var unnið að undirbúningi ráðstefnu í janúar 2013 sem bar yfirskriftina „Er það svo flókið að bæta opinbera þjónustu?“.

Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar stjórn Ský og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 25. febrúar 2013

Halla Björg Baldursdóttir